

MILLJARÐA VERÐMÆTI VIÐ HEKLU

— Fyrirtækið Hekluvikur ætlar að færa út kvíarnar og auka mjög útflutning sinn

Fréttir af stórfelldum útflutningi á Kötluvikri, sem er fyrirhugaður, hafa vakið töluverða athygli. Í sumum fréttum hefur verið sagt að hvergi fáist betri vikur en við Heklu, en að flutningskostnaður standi í vegi fyrir útflutningi þaðan.

Þetta er töluvert langt frá því að vera rétt. Fyrirtækið Hekluvikur hf. hefur flutt út vikur þaðan um níu ára skeið og viðskiptalöndin eru orðin sjö talsins. Hingað til hefur útflutningsmagnið ekki verið mikið en með fyrirhuguðum breytingum á fyrirtækinu gætu útflutningsverðmætin numið milljörðum króna árlega, eftir nokkur ár.

Haraldur Asgeirsson, framkvæmdastjóri Hekluvikurs, sagði Vísi að fjármagnsskortur og miklir byrjunarörðugleikar réðu því að fyrirtækið sé enn smátt í sniðum eftir níu ára starfsemi. „Við höfum ekki haft nógu sterka aðila á bak við okkur til að geta gert þetta almennilega. Á þessu verður væntanlega breyting á næstunni með því að verið er að semja um að Björgun hf. og BM Vallá komi inn í starfsemina. Flutningarnir hafa verið með okkar stærstu vandamálum. Það hefur skort bíla til að flytja vikurinn frá Heklu og svo hefur oft reynst erfitt að fá lestarrými í


skipum þegar við höfum þurft að halda“.

Minna magn á herra verði

„Þetta horfir nú til bóta með því að BM Vallá hefur bilakost og svo eykst lestarrými fyrir útflutning væntanlega töluvert þegar byrjað verður að sigla fyrir Járblendifélagið. Þeir hafa þegar haft samband við okkur til að ræða þessi mál.“

Ef við hefðum kært okkur um hefðum við sjálfsgæta komið um kring stórfelldum útflutningi. Það hafa aðilar bæði frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi haft samband við okkur vegna þessa. Þeir vildu gleypa allt efnisnámið og flytja út í milljónum lesta.

Við höfum hinsvegar kosið að fara aðra leið: flytja út minna magn og selja það á herra verði. Það liggja miklar rannsóknir að baki þessari starfsemi okkar og vikurinn sem við flytjum út er betri en fæst annarsstaðar. Við tökum til dæmis úr tveimur nám-



Hekluvikur hf. hefur aðstöðu við Sundahöfn og hér er verið að blanda gæðavikri fyrir útflutning. Vísismynd -JA

um og við blöndum saman mismunandi tegundum til að gæðin verði sem mest.

Létsteyptuefni eru ódýr en mismunandi að gæðum. Með þekkingu má bera þau saman og sanna að eitt sé betra en annað og það höfum við gert. Við höfum sýnt erlendum viðskiptamönnum okkar framá að þeir gætu keypt okkar vöru á miklu herra verði.

Með því að halda strangt við gæðastaðal okkar höfum við selt beint til verksmíðja í stað þess að selja mikið magn ódýrt til heildsala. Þetta er að okkar mati rétt stefna og íslenskur vikur er orðinn nokkuð þekktur sem gæðavara, erlendis.“

Við hefðum getað verið búnir að margfalda útflutninginn ef við

hefðum haft nógu sterka aðila á bakvið okkur.“

Milljarða verðmæti

„Hvað hafið þið flutt út mest á einu ári?“

„Þetta hefur verið misjafnt eftir árum, en það mesta hefur verið tuttugu og fimmpúsund rúmmetrar.“

„En ef nú koma sterkir aðilar í spilið, þar sem eru Björgun og BM Vallá, verður þá ekki hægt að margfalda þetta?“

„Við reiknum með stigandi en ekki neinum stórum stökkum. Auk þess að fá inn sterka aðila eru aðstæður nú góðar. Skipakostur eykst með Járblendiverksmíðjunni og svo er orðinn

skortur á vikri víða í Evrópu, ekki síst í Þýskalandi.

Útflutningurinn á næsta ári gæti því farið upp í sjötiupúsund rúmmetra, hugsanlega jafnvel upp í hundrad og fimmtíu þúsund, ef vel tekst til. Í framtíðinni höfum við hugsað um frá hundrad og upp í þrjúhundruð þúsund rúmmetra á ári, en það eru engar blýfastar áætlanir um það.“


„Hver yrðu verðmætin?“

„Ef við reiknum út frá norsku krónunni og gengi hennar eins og það er í dag þá fást um áttahundruð milljónir króna fyrir hundrad þúsund rúmmetra upp úr skipi“.

—OT.

AD TEIKNNA MED LITUM


Myndlist



Ólafur M. Jóhannesson myndlistarmaður skrifar hér um sýningu Agústs Petersen að Kjarvalsstöðum og segir að vatnslita- og oliukrífarmyndir Agústs þóli ekki samanburð við oliumálverk hans.

Sumu fólki fylgir ró öðrum ófriður. Sálfræðingar skýra þetta þannig að persónuleiki einstaklinganna sé ólíkur, annar búi ef til vill yfir óleystum vandamálum, „komplexum“.

Sálarrannsóknarmenn skýra þetta þannig að árunar sem fylgja manningnum séu neikvæðar eða jákvæðar, félagsfræðingur kynni að koma með þá skýringu að framleiðsluhættirnar gerðu annan spennan en hinn ekki, annar væri á valdi þeirra en hinn ekki. Skýringarnar á mannlegu sálarlífi og mannlegum samskiptum eru jafn margar og mennirnir eru margir. Myndum fylgir ró eða spennu líkt og manneskjunum. Myndum Agústs Petersen fylgir ró. Hver ástæðan er veit ég ekki, ætli hún sé ekki einfaldlega sú að Agúst Petersen er rólegur maður.



Mynd nr. 74 Adalsteinn Ingólfsson.

Daufir litir

Þessi rólega stemning kemur einkum með litunum sem eru dempaðir. Hef ég sjaldan séð jafn mörg oliumálverk í einu í jafn daufum litum. Jafnvel má taka svo djúpt í árinna að hér sé fremur um að ræða pastelverk unnin með oliulitum, þó á Agúst það til að setja einstaka afgerandi litsterkan flöt inn í myndirnar t.d. í mynd eitt Heimaklettur og Skannsinn máluð 1976. Húsið í forgrunninum er í sterkum gulum lit mót fölblúnum og fölgrenum litum Heimakletts. Þetta fallega gula hús er mjög laglega teiknað, en ekki er hægt að segja að teikningin sé mjög lipur í flestum verka Agústs, fremur að hann teikni með litunum, það er svo sem gott og blessað. Hann lætur þá fremur litina tala en línurnar því meiri kröfu verður þá að gera til litarins.

Stendur Agúst undir ströngum kröfum í því efni? Mitt svar er já, Litirnir í myndum hans eru fremur daufir eins og áður var minnst á en samröðun hinna ýmsu litatóna býsna smekklegr svo smekklegr að hvergi vegur einn litur annan — fölblátt fellur vel að gráu grátt að brúnu, brúnt að mosa-grænu o.s.frv.

Litasambúð

Það er helst að þessi góða litasambúð raskist í vatnslita- og oliukrífarmyndum Agústs frá 1970-1978 myndum no. 51-72, mér finnst þessar myndir

hvorki fugl né fiskur og ekki þola samanburð við oliumálverkin. Það var sagt að Michelangelo hefði brent frumdrögin að hinum dýrlegu vegg- og loftmálverkum Sistinsku kappellunnar í Páfagarði. Agúst hefur kosið aðra leið.

Mannamyndir Agústs Petersen eru sérstakur kapituli út af fyrir sig. Þær eru dálítið „naivar“, einlægur mjög persónulegar og myndu sóma sér hvar sem væri.

Hnefaleikarar?

Sérstakur veggskiki er þarna á sýningunni á Kjarvalsstöðum þar sem eingöngu eru manna-



Mynd nr. 96 Listfræðingurinn

myndir. Það fyrsta sem mér datt í hug er ég sá hann var að hér hlutu að vera myndir af hnefaleikurum, svo skökk voru nefin á fólkinu, en því meir sem horft var á þessar myndir því fleira kom í ljós, ekki aðeins persónuleiki fyrirmyndanna heldur mjög skemmtilegt samspil grárra andlita ofurlítið listerkari bakflata, skugga sem skáru andlitið í ýmsum litum ekki ósvipað og hjá Henri Matisse. Sérlega minnisstætt er andlit no. 27: kona með svart hár, máluð 1970. Myndir Agústs eru ekki beint frumlegar nema á þann hátt að þær eru sérstakar. Þó gæti frumleika í andlitsmyndum hans. Dæmi eru myndir hans af Adalsteini Ingólfssyni, sem eru þarna í 2 útgáfum önnur nefnist Adalsteinn Ingólfsson númer 74, máluð 1978 hin er máluð '77 nefnist Listfræðingurinn no. 96.

Þessar myndir eru mjög ólíkar. Sú af listfræðingnum all skuggaleg krotkennd í dökk-grænu sú af Adalsteini öll í ljósum litum svo þunnum að minnir á vatnslit. Hvort Agúst er að skjóta á Listráð Kjarvalsstaða með þessum myndum skal látið ósagt, en óneitanlega leikur Agúst sér þarna að áhorfandanum. Þennan leik leikur hann einnig í myndasériu af Ragnheiði Jónsdóttur, myndir 112-117. Þegar ég gekk út af sýningu Agústs Petersen var dumbungur líkt og í myndunum hans, en er ekki veðrið þannig á Íslandi með stöku sólarglætu inn á milli?